

Úrskurður 1/2018

A kærði ákvörðun Tollstjóra um höfnun á beiðni um endurgreiðslu kolefnisgjalds af eldsneyti.

Óskaði kærandi eftir endurgreiðslu kolefnisgjalds vegna sölu eldsneytis til erlendra aðila í tengslum við sölu á skipinu X til sömu aðila.

Niðurstaða

Einungis innflytjandi getur átt kost á endurgreiðslu þar sem það sé innflytjandi sem greiði kolefnisgjaldið við tollafgreiðslu eldsneytisins. Kærandi er ekki innflytjandi eldsneytisins sem er andlag kæru og getur hann því ekki átt rétt á endurgreiðslu gjaldsins.

Staðfest var ákvörðun embættisins um að hafna umsókn kæranda um endurgreiðslu kolefnisgjalds.